




SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2023

sjavarutvegsradstefnan.is

Samfélagsleg ábyrgð í sjávarútvegi



Í HÖRPU 2. OG 3. NÓVEMBER

Aðalstyrktaraðilar



HAMPIÐJAN



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

ICELANDAIR
CARGO

ISI ICELAND
SEAFOOD


ITUB

marel


Pipar TBWA

TM

Flói á 1. hæð



Eyri á 2. hæð



- | | | | |
|-------------------------------|------------------------|-----------------------------------|-----------------------------------|
| 1. Verkís | 9. Smyril line | 17. Iceland Seafood International | 24. Hampiðjan |
| 2. Hampiðjan | 10. Skólar | 18. Arion banki | 25. TM |
| 3. TM og Hvatningarverðlaun | 11. Salka – Fiskmiðlun | 19. Héðinn og HPP Protein Plant | 26. Sæplast, iTUB og Temptra |
| 4. Sæplast, iTUB og Temptra | 12. Micro | 20. Baader Ísland | 27. Marel |
| 5. Icelandair Cargo (4 x 2 m) | 13. Alvar | 21. Háskólinn í Reykjavík | 28. Iceland Seafood International |
| 6. Kælismiðjan Frost | 14. Marel | 22. Áttin | 29. Arion banki |
| 7. ISF | 15. Pipar/TBWA | 23. PwC | 30. Háskólinn í Reykjavík |
| 8. Trackwell | 16. Matís | | |

FIMMTUDAGUR 2. NÓVEMBER

- 10.00 Samfélagsleg ábyrgð sjávarútvegs
Silfurberg
- 12.00 Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 13.00 Þróun í frystitækni
Silfurberg A
- Breyttur heimur og áskoranir við
markaðssetningu sjávarafurða
Silfurberg B
- Verndun hafsvæða (30 fyrir 30)
– áhrif á sjávarútveg
Kaldalón
- 14:45 Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 15:15 Hvernig löðum við til okkar fólk!
Silfurberg A
- Upplýsingagjöf um sjálfbærni:
Hvar liggja tækifærin?
Silfurberg B
- Hámörkun verðmæta við nýtingu
sjávarlífvera: áskoranir og tækifæri
Kaldalón
- 17.00 Móttaka í boði Marel

FÖSTUDAGUR 3. NÓVEMBER

- 09.00 Siglum í átt að hringrásarhagkerfi
Silfurberg A
- Hverjir borða íslenskan fisk?
Silfurberg B
- Ekki vera fjarverandi!
Kaldalón
- 10.45 Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 11.15 Umbúðalausnir, staða og þróun
Silfurberg A
- Matvæla- og fæðuöryggi sjávarútvegs
Silfurberg B
- Fjölmennning á vinnustað
– áskoranir og samfélagsleg ábyrgð
Kaldalón
- 13.00 Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 13.30 Verðmætasköpun með
notkun myndgreiningartækni
Silfurberg A
- Markaðsetning á ímynd sjávarafurða
– Heilsa og umhverfismál
Silfurberg B

- 13.30 Orkuskipti og innviðauppbýgging
Kaldalón
- 14.30 Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 15.00 Aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar
Silfurberg B



Traust net



Pipar\TBWA er ein stærsta auglýsingastofa landsins og hluti af TBWA, alþjóðlegri keðju sem telur yfir 300 auglýsingastofur um allan heim.

Við höfum því greiðan aðgang að sérfræðingum í hverri höfn og auðveldum íslenskum fyrirtækjum í sjávarútvegi sem öðrum geirum að ná markaðs-árangri um öll heimsins höf.



Kristinn Hjálmarsson, formaður stjórnar
Sjávarútvegsráðstefnunnar

Ávarp formanns

Samfélagsleg ábyrgð í sjávarútvegi er yfirskrift eða þema Sjávarútvegsráðstefnunnar 2023 verður eins og rauður þráður í gegnum málstofur ráðstefnunnar. Það er óhætt að segja að opnunarmálstofan slái tóninn með erindum frá Svandísi Svavarsdóttur, matvælaráðherra, Elvu Rakel Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Festu, miðstöðvar um sjálfbærni, Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur, framkvæmdastjóra SFS og Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika.

Það er Ingunn Agnes Kro sem er fundarstjóri opnunarmálstofunnar en hana setur Ólafur Karl Sigurðsson hjá Marel og fagnar í leiðinni 40 ára afmæli Marels sem einnig býður til móttöku í Hörpu að lokinni dagskrá dagsins.

Sjávarútvegsráðstefnan er skipulögð til að málstofur og erindi endurspegli almenna virðis_keðju sjávarútvegs. Í virðis_keðjunni býr sjávarútvegurinn til virði. Þess vegna fjalla málstofur ráðstefnunnar um einstaka hlekki keðjunnar. Mikilvæg nýbreytni var tekin upp við undirbúning ráðstefnunnar í ár sem er skipting undirbúnings milli fimm faghópa sem endurspeglu einmitt almenna virðis_keðju í sjávarútvegi:

- Auðlindin, nýting og veiðar
- Vinnsla sjávarafurða
- Sala, markaðssetning og dreifing
- Stefnumótun, rannsóknir og umhverfismál
- Mannauður, rekstur og annað

Hlutverk faghópa var að koma með tillögur um efnistöð og fyrirlesara. Með stofnun faghópa er betur tryggt að fleiri hafi aðkomu að skipulagningu Sjávarútvegsráðstefnunnar til þess að mikilvægustu viðfangsefni hvers árs séu tekin fyrir á ráðstefnunni. Samtals tóku um 35 manns þátt í vinnu faghópanna í ár.

Afhending Hvatningarverðlauna er árviss og mikilvægur liður í dagskrá ráðstefnunnar. Sjávarútvegsráðstefnan og TM veita verðlaunin til ungra fyrirtækja og sjálfstætt starfandi einstaklinga til hvatningar og viðurkenningar fyrir áhugavert og verðmætt framlag sitt til greinarinnar.

Að lokum, kærar þakkar til styrktaraðila, fyrirlesara, umsjónarfólks málstofa og málstofustjórnum fyrir ykkar framlag til Sjávarútvegsráðstefnunnar 2023.

Sjáumst í Hörpu dagana 2.–3. nóvember.



Frá vinstri: Sverrir Haraldsson, Anna Heiða Ólafsdóttir, Kristín Njálsdóttir, Kristinn Hjálmarsson, Elma Sif Einarsdóttir og Arnfríður Eide Hafþórsdóttir.



Er fyrirtækið þitt tryggt?

Fyrirtækjatryggingar á **vordur.is**

Samfélagsleg ábyrgð sjávarútvegs

Silfurberg | Fimmtudagur | 10.00–12.00

Sjálfbærni er kjarni allrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Það er engin nýjung, engin ný sannindi og löngu þekkt í íslenskum sjávarútvegi og landbúnaði.

Sjálfbær rekstur hvílir á því hversu vel tekst til að vinna samtímis að umhverfismálum, félagslegum þáttum og góðum stjórnarháttum. Þau hjá Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð, hafa flokkað verkefni í samræmi við þessar þrjár stoðir í Jörð, Fólk og Hagsæld.

Í opnunarmálstofunni beinum við sjónum okkar að verkefnum sjávarútvegs, hlutverki og framlagi til þessara megin stoða sjálfbærni.

Málstofunni er skipt í tvo hluta. Í fyrri hlutanum eru fjögur opunarerindi um rekstrar- og starfskilyrði sjávarútvegs en lagt verður út af þeim í panelumræðum í seinni hlutanum.

Markmið málstofunnar er að fara yfir stefnumarkandi áherslur stjórnvalda, efnahagsleg nauðsyn sjálfbærs sjávarútvegs og verkefni fyrirtækja í sjávarútvegi til sjálfbærs rekstrar.

Hver er frammistaða íslensks sjávarútvegs í sjálfbærum rekstri?

Fundarstjóri opnunarmálstofunnar mun leiða panelumræður þar sem lagt er út frá opunarerindum með spurningum og svörum og samtali um sjálfbæran rekstur sjávarútvegs með tilliti til umhverfis, félagslegra þátta og stjórnarháttanna

Kristinn Hjálmarsson

Framkvæmdarstjóri ISF – Umsjónarmaður

Ingunn Agnes Kro

Stjórnarformaður RARIK og Votlendissjóðs – Málstofustjóri

10.00 Opnun

Ólafur Karl Sigurðsson,
Executive Vice President, Fish – Marel

10.10 Velkomin, takk fyrir að koma og kærar þakkir til allra sem hafa tekið þátt í undirbúningi ráðstefnunnar í ár!

Kristinn Hjálmarsson,
formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar

10.15 Höfin eru lungu heimsins

Elva Rakel Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um sjálfbærni

10.30 Sjávarútvegur – sýn og stefna sem tryggja sjálfbæra undirstöðuáttvinnugrein

Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra

10.50 Sjálfbærni er ekki skraut og skemmtilegar fyrirsagnir

Heiðrún Lind Marteinsdóttir,
framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

11.10 Fjármálastöðugleiki og sjálfbær sjávarútvegur

Gunnar Jakobsson,
varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

11.30 Umræður

11.50 Afhending Hvatningarverðlauna

Björk Viðarsdóttir,
framkvæmdastjóri, TM

Þróun í frystitækni

Silfurberg A | Fimmtudagur | 13.00–14.45

Mikilvægi ferskleika hráefnis er stöðugt í skoðun og hefur verið mikil þróun í frystitækni undanfarin ár sem geta leitt til aukinna afurðagæða og afkastagetu. Til dæmis er stór hluti af íslenskum uppsjávarafurðum frystur til manneldis og áframvinnslu og felast tækifæri í auknum afurðagæðum og styttri frystitíma sem auka afköst í vinnslu. Í bolfisk hefur áherslan verið á ferskar afurðir en undanfarið (t.d. eftir Covid í Bretlandi) hafa framleiðendur í áframvinnslu í auknum mæli skipt yfir í frosnar afurðir til þess að geta haldið hráefni á lager og sveiflujafnað framleiðsluna. Þá hafa fiskafurðir með vörumerkið „frosen before rigor“ verið eftirsóttar til áframvinnslu. Í harðri alþjóðlegri samkeppni er nauðsynlegt að taka gæði afurða föstum tókum og með bættri frysti- og uppþiðingartækni felast tækifæri fyrir aukin afurðagæði frosinna afurða til jafns við ferskar.

Guðmundur H. Hannesson

Framkvæmdastjóri, Kælismiðjan Frost – Umsjónarmaður

Jón Birgir Gunnarsson

Markaðsstjóri, Baader – Málstofustjóri

13.00 Framtíðarmöguleikar í frysti- og þiðingartækni sjávarfangs

Sæmundur Elíasson, verkefnastjóri hjá Matís og lektor við Auðlindadeild Háskólans á Akureyri

13.15 Segul- og hljóðbylgjufrysting,– varðveista ferskleika frosinna sjávarafurða.

Sigurður Bergsson, tæknistjóri, Kælismiðjan Frost

13.30 Frysting með stýrðu hita- og rakastigi

Kristján Arnór Grétarsson,
verkefnisstjóri, Kælismiðjan Frost

13.45 Frysting fyrir og eftir dauðastirðnun

Sigurjón Arason, Matís

14.00 Tækifæri í frystingu

Davíð Jóhann Davíðsson,
sölustjóri landfrystra afurða, Brim

14:15 Umræður

Breyttur heimur og áskoranir við markaðssetningu sjávarafurða

Silfurberg B | Fimmtudagur | 13.00–14.45

Á undanförunum árum hafa orðið atburðir á heimsvísu sem hafa haft stórvægileg áhrif á stjórnsmál, viðskipti og daglegt líf víðast hvar í heiminum. Í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 og innrásar Rússa í Úkraínu hafa orðið meiri breytingar á viðskiptaumhverfi með sjávarafurðir en sést hafa í langan tíma þar sem orkukostnaður hefur hækkað og kaupmáttur hefur minnkað auk þess sem flutningsleiðir hafa breyst og jafnvel lokast.

Í þessari málstofu er fjallað um þær breytingar sem orðið hafa í sölu, dreifingu og neyslu sjávarafurða í skugga stríðsátaka og heimsfaraldurs og þær áskoranir sem blasa við í breyttum heimi.

Elísabet Richardsdóttir

Sales manager, salted fish, Bacco Seaproducts – Umsjónarmaður

Pálmi Skjaldarson

sölustjóri hjá Bacco Seaproducts – Málstofustjóri


13:00 Áskoranir á alþjóðamörkuðum

Hörður Sævaldsson, lektor við Háskólann á Akureyri

Takk fyrir einstakt nýsköpunarsamstarf í 40 ár



1983-2023



- 13:20 Breyttur heimur: vinnsla á tvífrystum fiski**
Bergur Guðmundsson,
viðskiptaþróunarstjóri í fiskiðnaði, Marel
- 13:40 Tækifæri og áskoranir í breyttri heimsmynd**
Hjörvar Blær Guðmundsson,
forstöðumaður útflutnings og stórflutninga hjá Eimskip
- 14:00 Retail: Time for change (again)**
Julien COTTIER, Head of fish purchase,
PROSOL (Grand Frais)
- 14:25 Umræður**

Verndun hafsvæða (30 fyrir 30) – áhrif á sjávarútveg

Kaldalón | Fimmtudagur | 13.00–14.45

Í ályktun frá COP15-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Montréal árið 2022 segir m.a. að stefnt verði að virkri vernd og stýringu a.m.k. 30% hafsvæða heimsins fyrir árið 2030. Áhersla verður lögð á líffræðilegan fjölbreytileika, vistkerfisþjónustu og heildstæð svæði. Þessi svæði þurfa ekki að vera lokuð en stýring þeirra þarf að hafa ótvíræðan ávinning fyrir ofangreind markmið. Einnig voru samþykkt markmið um endurheimt raskaðra vistkerfa og er Ísland aðili að þessu samkomulagi.

Það er almennt álit sérfræðinga í auðlindastjórnun að virk vernd og stýring náttúruauðlinda næst ekki nema með víðtæku samráði stjórnsýslu, vísindamanna, hagaðila og almennings. Markmiðið með þessari málstofu er að fá fjölbreyttan hóp að borðinu til að hefja þetta samtal og leggja þannig grunn að frekari vinnu.

Svanur Guðmundsson

Bláa Hagkerfið – Umsjónarmaður

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir

forstöðumaður rannsóknaseturs Háskóla Íslands
á Vestfjörðum – Málstofustjóri

- 13:00 Stefna og áherslur stjórnvalda fyrir verndun hafsvæða**
Björn Helgi Barkarson,
skrifstofustjóri, Matvælaráðuneytið

- 13:10 Regluverk fyrir verndun hafsvæða**
Agnar Bragi Bragason, lögfræðingur, Matvælaráðuneytið

- 13:20 Hvernig eru vistkerfi hafsvæða kortlögð?**
Steinunn Hilma Ólafsdóttir, sjávarlíffræðingur,
Hafrannsóknastofnun

- 13:30 Sjálfbærni í samfélags- og menningarlegu samhengi
– fræðilegar hugleiðingar.**
Helga Ögmundsdóttir, dósent í mannfræði
við Háskóla Íslands

- 13:40 Áhrif verndarsvæða á fiskveiðar**
Lísa Anne Libungan, fiskifræðingur hjá Samtökum
fyrirtækja í sjávarútvegi

- 13:50 Sjálfbærni og 30 fyrir 30 markmiðin**
Svanur Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Bláa Hagkerfið

- 14:00 Kallað eftir skoðunum úr sal**
Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir stýrir, forstöðumaður
rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

- 14:10 Pallborðsumræður**

Hvernig löðum við til okkar fólk!

Silfurberg A | Fimmtudagur | 15.15–17.00

Sjávarútvegsfyrirtæki verða að vera í góðu sambandi og samstarfi við sitt sveitarfélag þegar kemur að ráðningu fólks sem ekki er þegar búsett á staðnum. Að mörgu þarf að huga þegar farið er í þá vinnu að auglýsa eftir fólki til starfa – hvernig löðum við til okkar fólk!

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja þarf að vera sýnileg þar sem þau eru órjúfanlegur hluti af sínu samfélagi og verða að rísa undir þeirri ábyrgð sem því fylgir. Mörg fyrirtæki sem mótað hafa sína stefnu varðandi samfélagsábyrgð hafa unnið þá vinnu í samvinnu við önnur fyrirtæki innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Á vinnumarkaði sem tekur örum breytingum er mikilvægt að færni til starfa sé sýnileg og staðfest. Fagbréf atvinnulífsins gerir þetta kleift. Með raunfærnimati er færni starfsfólks metin út frá hæfniviðmiðum starfs. Í framhaldi fer fram þjálfun og fræðsla sem tekur mið af niðurstöðum matsins. Þegar öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins fyrir viðkomandi starf. Í því felst ávinningur fyrir fyrirtæki og starfsfólk og getur m.a. kveikt áhuga fólks á frekara námi og námsleiðum í sjávarútvegi. Nám og fræðsla starfsfólks gerir greinina verðmætari.

Valgeir Ægir Ingólfsson

atvinnu- og þróunarstjóri hjá Fjarðabyggð – Umsjónarmaður

Hildur Bettý Kristjánsdóttir

framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar
atvinnulífsins – Málstofustjóri

- 15:15 Húsnæðismál sem mannauðsmál**

Jón Björn Hákonarson, fyrrverandi bæjarstjóri
Fjarðabyggðar og situr í bæjarstjórn Fjarðabyggðar
sem oddviti Framsóknarflokksins

- 15:35 Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja**

Margrét K. Pétursdóttir, forstöðumaður gæðamála
hjá Vísi hf. í Grindavík

- 15:55 Fagbréf atvinnulífsins**

Haukur Harðarson, sérfræðingur í fullorðinsfræðslu
hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

- 16:15 Nám- og námsleiðir í sjávarútvegi**

Valgerður Ásta Guðmundsdóttir, ráðgjafi hjá Sýni ehf.

- 16:35 Pallborðsumræður**

Upplýsingagjöf um sjálfbærni: Hvar liggja tækifærin?

Silfurberg B | Fimmtudagur | 15.15–17.00

Hinn almenni neytandi hefur sýnt aukinn áhuga á að þekkja uppruna matarins sem ratar á hans disk, þar með talin áhrif hans á bæði loftslag og samfélag. Þessi áhugi mun halda áfram að aukast og að endingu verða krafa markaðarins. Hér er mikið sóknartækifæri fyrir íslenskan sjávarútveg þar sem sjávarafurðir eru holl og næringarrík matvara með lágt kolefnisspor miðað við aðra prótíngjafa. Íslenskar sjávarafurðir eru einnig veiddar á sjálfbæran hátt og mannréttindi þeirra sem starfa innan greinarinnar eru í hávegum hafðar.

En þessu þurfum við að miðla áfram. Það er því hagur íslensks sjávarútvegar í heild sinni að þeim fyrirtækjum sem birta ófjárhagslegar upplýsingar fjölgi og taka þar með þátt í okkar sameiginlegu vegferð til að styrkja okkar stöðu sem sjálfbæra fiskipjóð. Þau fyrirtæki sem þegar hafa skrifað undir samfélagsstefnu SFS hafa skrifað undir þessi orð.

**Iceland Seafood
traustur
samstarfsaðili**

www.icelandseafood.com

„Við skuldbindum okkur til að birta árlega ófjárhagslegar upplýsingar um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnaðhætti, þar sem stuðst er við viðurkennd alþjóðleg viðmið“

En hvaða upplýsingar á að birta? Snýr þetta bara að okkar eigin starfsemi eða þurfum við að ná utan um virðiskeðjuna í heild sinni? Og hver eru þessi viðurkenndu alþjóðlegu viðmið? Þau mun taka miklum stakkaskiptum á komandi árum og ná yfir fleiri fyrirtæki en áður og því nauðsynlegt að þekkja þessi nýju lög og þær reglugerðir sem verða innleiddar á næstu misserum.

Elma Sif Einarsdóttir

Verkefnastjóri UFS, Iceland Seafood International – Umsjónarmaður

Sveinn Margeirsson

framkvæmdastjóri nýsköpunar og loftlagsmála hjá Brimi – Málstofustjóri

15:15 Ný löggjöf um sjálfbærni – hvað þýðir hún fyrir sjávarútveginn á Íslandi?
Eva Margrét Ævarsdóttir, lögmaður – eigandi, Lex

15:30 Gagnadrifin nálgun á ábyrgar fjárfestingar
Þráinn Halldórsson, sérfræðingur á sviði ábyrga fjárfestinga, Lifeeyrissjóður verzlunarmanna

15:45 Hver eru umhverfisáhrif matarins?
Helga J. Bjarnadóttir, sviðstjóri, Efla

16:00 Upplýsingagjöf tækjaframleiðenda í sjálfbærnivegferð matvælaframleiðenda – reynsla og tækifæri
Gunnhildur Ómarsdóttir, vörustjóri hjá Marel

16:15 Vegferð Iceland Seafood í upplýsingagjöf sjálfbærnimála
Elma Sif Einarsdóttir, verkefnastjóri UFS, Iceland Seafood International

16:30 Umræður

Hámörkun verðmæta við nýtingu sjávarlífvera: áskoranir og tækifæri

Kaldalón | Fimmtudagur | 15.15–17.00

Á Íslandi má sjá mörg vannútt tækifæri til fullnýtingar lífauðlinda hafsins, auk þess sem fellur til við vinnslu fisk- og eldisafurða, má þar telja stórbörunga þar sem gríðarlegur vöxtur hefur verið síðustu ár og heimsframleiðsla hefur þúsundfaldast síðan 1950 og er í dag um 35 milljónir tonna. Mikilvægt er að gæta íslenskra hagsmuna og tryggja uppbyggingu matvæla- og líftækniidnaðar á Íslandi, efla rannsóknastarfsemi á þessu sviði, auka verðmæti hráefnisstrauma í sjávarútvegi og stuðla að sjálfbærri og umhverfisvænni nýtingu lífauðlinda hringrásarhagkerfisins.

Allir hagaðilar þurfa að vinna náið saman og samstarfs stjórnvalda, stofnana, háskóla og rannsókna- og nýsköpunarsetra við atvinnulífið og sprotafyrirtæki er mikilvæg tenging til að nýsköpun og þróun rannsókna komist yfir til sjávarútvegsins og í vörur sem nýtast samfélaginu.

Í þessari málstofu verður fjallað um þróun á ferlinu að búa til verðmætar afurðir úr vannúttum sjávartegundum á Íslandi. Kynnt verða ferlin frá hugmynd að veruleika. Sprotafyrirtæki sem eru að slá í gegn með nýjar afurðir segja frá nýsköpunarferlinu og farið verður yfir helstu áskoranir fyrir sprota í dag, s.s. fjármögnun, leyfisveitingar og reglugerðir, rannsóknir, nýsköpun og markaðssetningu.

Anna Kristín Daniélsdóttir

aðstoðarforstjóri og rannsókna- og nýsköpunarstjóri, Matís – Umsjónarmaður

Einar Skaftason

veiðarfarahönnuður, Hampiðjan – Umsjónarmaður

Sigríður Mogensen

sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs, Samtök iðnaðarins – Málstofustjóri

15:15 Hliðarstraumar eða hliðarhráefni: Nýting mismunandi strauma frá fiskvinnslu

Hildur Sveinsdóttir, verkefnastjóri hjá Matís og lektor við Matvæla og næringarfræðideild HÍ

15:30 Frá úrgangi til verðmætasköpunar

Rósa Jónasardóttir, fjármálastjóri hjá Genís

15:45 Vöruþróun og rannsóknir um þang og þara

María Maack, framkvæmdastjóri hjá Þörungaklaustri

16:00 Gildi nýsköpunar í rótgrónum rekstri

Finnur Árnason, framkvæmdastjóri hjá Þörungaverksmiðjunni

16:15 The secret ingredient

Jamie Lee, founder and CEO of Fine Foods Íslandica ehf., seaweed entrepreneur and small food producer

16:30 Varanleg kolefnisbinding í sjó

Kristinn Hróbjartsson, framkvæmdastjóri Running Tide á Íslandi

16:45 Umræður

Siglum í átt að hringrásarhagkerfi

Silfurberg A | Föstudagur | 09.00–10.45

Hringrásarhagkerfi heimsins telur einungis 8,6% af heildarhagkerfi heimsins skv. „The Circularity Gap report, 2022“. Íslenskt hagkerfi er í dag líkt og hagkerfi heimsins að mestu línulegt, eða um 90%. Þessu þarf að umbylta þar sem við göngum hratt á hráefnaauðlindir jarðarinnar. Íslensk stjórnvöld hvetja til aukinnar hringrásar og því til stuðnings þá setti Alþingi lög sem eiga að styðja við myndun hringrásarhagkerfis.

Íslenskur sjávarútvegur hefur sett sér markmið um aukna hringrás með því að vinna eftir stefnu sem nefnist „Ábyrgur sjávarútvegur í sátt við umhverfi og samfélag“ og er undir forystu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Hringrásarhagkerfið í sjávarútvegi snýst ekki einungis um að fullnýta afurðina, en þar höfum við náð eftirtektarverðum árangri, það snýst einnig um að lágmarka hráefnisnotkun sem og soun í kringum þau aðföng sem þarf til að m.a. veiða og vinna fiskinn, val á umbúðum og flutningi á afurðum.

Bragi Smith

Viðskipta- og þróunarstjóri, iTub – Umsjónarmaður

Björn Margeirsson

rannsóknarstjóri hjá Sæplast/Tempra og dósent við HÍ – Málstofustjóri

09:00 Opportunities for sustainable blue growth using circular economic models

Dr. Alexandra Leeper, managing director – Iceland Ocean Cluster -international affairs.

09:15 Hvernig tengist Úrvinnslusjóður starfsemi fyrirtækja í sjávarútvegi?

Margrét Kjartansdóttir, samskiptastjóri, Úrvinnslusjóður

09:30 Umhverfis- og vigtarlausnir fyrir úrgang

Magnús Júlíusson, framkvæmdastjóri, Stíki Umhverfisláusnir


DYNICE OPTICAL DATA

Dynlce
Optical Data
var valin besta
nýjungin á Íslensku
sjávarútvegs-
sýningunni
2022

*Gagnaflutningur
Á LJÓSHRAÐA
frá trollsónar upp í brú*



DYNICE[®]
OPTICAL DATA



HAMPIÐJAN

hampidjan.is

– Veiðarfæri eru okkar fag

09:45 Frá vandamáli til tækifæra – lífsferill veiðarfæra

Georg Haney, umhverfisstjóri, Hampiðjan

10:00 Umhverfisspor umbúða

Bragi Smith, viðskipta- og þróunarstjóri, iTub

10:15 Umræður

Hverjir borða íslenskan fisk?

Silfurberg B | Föstudagur | 09.00–10.45

Ísland flytur út sjávarafurðir til u.þ.b. 85 landa.

Hvaða vörur eru þetta og hvernig birtast þær neytendum?

Íslendingar eru framarlega þegar kemur að veiðum og vinnslu sjávarafurða. Vörurnar eru þekktar fyrir mjög góð gæði og afhendingaröryggi. Hins vegar er ekki öllum ljóst hvert vörurnar fara og hverjir hinir eiginlegu neytendur eru.

Í málstofunni fáum við að heyra söguna af vörunni okkar þegar hún er komin inn á viðkomandi markað, hvað er gert við hana, hvernig dreifingu og geymslu sé háttað, hvernig henni er pakkað, hún auglýst og síðast en ekki síst hver sé hinn raunverulegi neytandi. Til að segja þessa sögu höfum við fengið reynslubolta í greininni til miðla sinni reynslu.

Björgvin Þór Björgvinsson

fagstjóri sjávarútvegs, Íslandsstofa – Umsjónarmaður

Sigríður Dögg Guðmundsdóttir

forstöðumaður útflutnings og fjárfestinga, Íslandsstofa – Málstofustjóri

09:00 Frakklandsmarkaður – Ferskfiskneysla í Frakklandi

Guðmundur Stefánsson, framkvæmdastjóri Novo Food

09:20 Markaðssetning á laxi og bleikju til Norður-Ameríku

Birgir Össurarson, sölustjóri Icefresh/Samherji

09:40 Hvar endar loðnan?

Agnes Guðmundsdóttir, markaðsstjóri hjá Icelandic Asia

10:00 Saltfiskur í lífi þjóðar

Niels Adolf Guðmundsson sölustjóri hjá Iceland Seafood

09:20 Umræður

Ekki vera fjarverandi!

Kaldalón | Föstudagur | 09.00–10.45

Svefn og heilsa eru nauðsynleg lífsgæði allra. Svefn er öllum mönnum og dýrum nauðsynlegur. Í svefni hvílist líkaminn og endurnýjar sig. Taugakerfið endurnærir í svefni og skorti menn svefn skerðist andleg geta þeirra. Að sofa ekki nóg hefur margvísleg áhrif á heilsuna. Fyrir utan það augljósa að vera þreyttur og eiga erfitt með að sinna daglegum störfum hafa margir sjúkdómar verið tengdir skertum svefni.

Rannsóknir hafa sýnt að endurtekin skammtímaveikindi hafa verri áhrif á vinnustaðinn en langtímaveikindi sem koma sjaldnar upp. Bradford-kvarðinn var þróaður í þeim tilgangi að draga fram áhrif skammtímaveikinda á rekstur. Þegar atvinnurekandi sýnir heilsu starfsmanna áhuga eru meiri líkur á að halda góðu fólki þar sem góð heilsa eykur ánægju og vellíðan almennt.

Heilsuefning á vinnustað hefur sífellt orðið vinsælli og hafa mörg fyrirtæki uppgötvað að með því að auglýsa sig sem heilsuefandi vinnustað þá er auðveldara að laða að gott og öflugt fólk til starfa.

Heilsuefandi vinnustaður er verkfæri sem gerir vinnustöðum kleift að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að betri heilsu og vellíðan til góðs fyrir starfsfólk og er sameiginlegt verkefni atvinnurekenda og starfsmanna.

Lilja Björg Arngrímsdóttir

lögfræðingur Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum (VSV) og yfirmaður starfsmannamála VSV – Umsjónarmaður

Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir

sviðsstjóri fræðsluviðs ASÍ – Málstofustjóri

09:00 Svefn í vaktavinnu – getum við bætt

frammistöðu og líðan?

Erna Sif Arnardóttir, forstöðumaður Svefnseturs HR, dósent við verkfræði- og tölvunarfræðideildir HR

09:30 Fjarverustjórnun og Bradford

Guðrún Gyða Hauksdóttir, hjúkrunarfræðingur, MLM og verkefnastjóri hjá Heilsuvernd

09:55 Heilsuefandi vinnustaðir – verkfæri fyrir vinnustaði

Inga Berg Gísladóttir, verkefnastjóri Heilsuefandi vinnustaða, Embætti landlæknis

10:20 Panelumræður

Umbúðalausnir staða og þróun

Silfurberg A | Föstudagur | 11.15–13.00

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa úr ýmsum umbúðum að velja fyrir hráefni sitt og afurðir. Fyrir óunninn, heilan fisk ber mest á fjölnota, einangruðum plastkerum á meðan einnota umbúðir úr mismunandi plasttegundum og pappu eru jafnan notaðar fyrir afurðir. Umbúðaframleiðendur leita flestir leiða til að minnka umhverfisáhrif pakkninga, t.d. með þróun léttari pakkninga og aukinni endurvinnslu. Vaxandi áhersla hefur verið á lífsferilsgreiningar umbúða þar sem umhverfisáhrif umbúðanna frá vöggu til grafar eru skoðuð. Með lífsferilsgreiningu má m.a. fá hugmynd um hvort sparnaður við framleiðslu á fjölnota umbúðum vegi upp umhverfiskostnaðinn, sem hlýst af bakaflutningi með fjölnota umbúðirnar. Efnisval fyrir umbúðir fiskafurða takmarkast m.a. af löggjöf um snertingu fiskafurða við umbúðirnar og setur það vissar skorður á þróun fiskpakkninga og endurvinnslu á þeim.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki leggja sitt af mörkum við að minnka notkun plastumbúða og -pakkninga eða nota plast sem auðvelt er að endurvinna eða farga með öruggum hætti.

Háskóli Íslands greinir frá rannsóknum, sem þau hafa verið að vinna í og snúst um lífsferilsgreiningu á bæði frauðkössum og mismunandi fiskikerum fyrir ferskan fisk.

Atli Þór Ragnarsson

innkaupastjóri, Samherji – Umsjónarmaður

Oddgeir Þór Gunnarsson

sala og ráðgjöf hjá Samhendum – Málstofustjóri

11:15 Umhverfisvænni umbúðir í sjávarútvegi

Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur í teymi hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun

11:35 Hvað má og hvað má ekki nota í umbúðum í sjávarútvegi

Grímur Ólafsson, fagsviðsstjóri, Matvælastofnun

11:55 Lífsferilsgreining á einnota og fjölnota umbúðum fyrir ferskan

Ólafur Ögmundarson, lektor, Háskóli Íslands

12:15 Umbúðanotkun í bolfisk- og uppsjávarvinnslu: Valkostir og tækifæri

Sveinn Margeirsson, framkvæmdastjóri nýsköpunar og markaðsmála hjá Brimi

12:35 Umræður

ICELANDAIR
CARGO



Við komum þínum afurðum ferskum til neytenda



Fyrr á ferðinni

Með víðfeðmu leiðarkerfi, fagmennsku, hárri flugtiðni og hraða tryggjum við að íslenskar sjávarafurðir komist örugglega til neytenda um allan heim. Ferskar og í fullum gæðum.

Matvæla- og fæðuöryggi sjávarútvegs

Silfurberg B | Föstudagur | 11.15–13.00

Matvælaöryggi er tryggt með eftirliti, vöktun og heildstæðum upplýsingum um stöðu örvera og óæskilegra efna í matvælum og hliðarafurðum sjávarlífvera. Einnig geta erfðagreiningar á uppruna matvæla upplýst um matvælasvindl, en slíkt getur m.a. haft neikvæð áhrif á heilsu neytenda svo sem vegna fæðuofnæmis. Samstarf við hagaðila er mikilvægt við rannsóknir á sviði matvælaöryggis og lýðheilsu, svo sem fyrirtæki, stofnanir, háskóla og neytendur. Neytendur vilja vera upplýstir um uppruna, innihald, rekjanleika og kolefnisspor matvæla. Íslensk matvæli eru oft markaðssett með áherslu á hreinleika og heilnæmi en slíkar fullyrðingar duga skammt ef ekki er hægt að sýna fram á það með gögnum.

Mikil tækifæri eru í sjávarútvegi í aðkomu að fæðuöryggi og sjálfbærri matvælaframleiðslu á Íslandi. Samstarfi við alla hagaðila, svo sem fyrirtæki, stofnanir, háskóla og samfélagið er þar mikilvægt. Innlend matvælaframleiðsla er í dag talsvert háð innflutningi á aðföngum svo sem eldsneyti, áburði og fóðri, en þar getur nýting á verðlitlum og vannýttum hliðarstraumum í matvælavinnslu sjávarútvegsins hlaupið í skarðið. Tækifærin til framleiðslu á verðmætari afurðum og auknum gæðum felast í aukinni nýsköpun við fullnýtingu þeirra lífauðlinda sem til falla með samvinnu allra hagaðila. Rannsóknir á ný-próteínum (e. alternative proteins) og fjölsykrum úr t.d. þörungum, einfrumungum og fleiri sjávarlífverum geta stuðlað að aukinni innlendri framleiðslu á ný-matvælum svo sem jurtamjólki, fisklíki og fóðri fyrir vaxandi fiskeldi í landinu.

Anna Kristín Daniélsdóttir

aðstoðarforstjóri og rannsóknar- og nýsköpunarstjóri, Mátis – Umsjónarmaður

Hrönn Ólína Jörundsdóttir

forstjóri Matvælastofnunar – Málstofustjóri

11:15 Ástand og horfur nytjastofna við Ísland

Bjarki Þór Elvarsson, fagstjóri ráðgjafar, Hafrannsóknastofnun

11:35 Lífmassaver

Guðmundur Óli Hreggviðsson, stefnumótandi sérfræðingur hjá Mátis og prófessor í líftækni og örverufræði Háskóla Íslands

11:55 Bjálkakeðjur fyrir rekjanleika matvæla

Hlynur Þór Björnsson, framkvæmdastjóri Bálka Miðlunar ehf.

12:15 Matvælaöryggi og eftirlit – verðmæti fyrir íslenskan sjávarútveg

Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri Matvælastofnunar

12:35 Umræður

Fjölmenning á vinnustað – áskoranir og samfélagsleg ábyrgð

Kaldalón | Föstudagur | 11.15–13.00

Samskipti geta verið flókin en þegar við bætast hindranir eins og tungumálaörðugleikar eða annars konar skilningur á eðli hlutanna vegna ólíkrar menningar, uppruna, menntunar og viðhorfa vandast oft málið. Á Íslandi eru töluð u.þ.b. 65 tungumál og samfélag okkar hefur tekið algjörum stakkaskiptum. Ásýnd landsins hefur breyst og meiri fjölbreytni ríkir nú en áður í menningarlegu tilliti. Margt fólk hefur sótt hingað til lands í leit að atvinnu og tækifærum alls staðar að úr heiminum.

Í erindum málstofunnar verður leitast við að ræða fjölmenningu og

jafnrétti í viðum skilningi og hvernig við stöndum okkur í breyttu samfélagi, samfélagi fjölmenningar.

Sumir sjá fyrir sér vandamál og erfiðleika á meðan aðrir sjá tækifæri og fjölbreytileika sem auðga mannlífið. Við veltum fyrir okkur mismunandi menningarvæðingum, hvað er líkt og ólíkt með mismunandi menningarheimum.

Einnig hvernig hægt sé að stuðla að uppbyggilegum samskiptum á fjölmenningarlegum vinnustað.

Við munum einnig velja því fyrir okkur hvað er að vera Íslendingur. Getur þú orðið Íslendingur ef þú átt rætur í öðrum samfélögum? Ertu Íslendingur ef þú hefur ríkisborgararéttinn en talar ekki íslensku? Hvernig samfélag er Ísland þegar horft er á það út frá fjölmenningarlegu tilliti?

Kristín Njálisdóttir

framkvæmdastjóri Landsmenntar, Sjómenntar fræðslusjóða og stjórnarmaður í Sjávarútvegsráðstefnunna 2023 – Umsjónarmaður

Björg Bjarnadóttir

framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands – Málstofustjóri

11:15 Fjölpjóðlegur vinnustaður: Auður eða ok?

Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Mirru, fræðslu- og rannsóknarseturs

11:40 Samskipti á fjölmenningarlegum vinnustað; hindranir og tækifæri

Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar ehf. leiðbeinandi og ráðgjafi

12:05 Hvenær er maður eiginlega orðinn Íslendingur?

Miriam Petra Ómarsdóttir Awad, sérfræðingur hjá Rannís, Inngildingarfulltrúi landskrifstofu Erasmus+, verkefnastýra upplýsingastofu um nám erlendis og Eurodesk á Íslandi.

12:30 Panelumræður

Verðmætasköpun með notkun myndgreiningartækni

Silfurberg A | Föstudagur | 13.30–15.15

Lengi hefur verið talað um aukna notkun myndgreiningartækni í sjávarútvegi. Núlega hafa íslensk fyrirtæki tekið inn tæki með ofurrófsmyndavélartækni (e. hyperspectral imaging) til að greina hráefni, flokka galla og framkvæma sjálfvirk gæðamat.

Brim hefur nýtt slíka tækni á flæðilínunum síðan í júní 2022 og Útgerðarfélag Akureyringa hóf prufur í febrúar 2023. Þar eru teknar myndir af roðlausum flökum á leið í forsnyrtingu gallar á borð við blóðmar, los og hringorma greindir. Þannig má beina flökum með göllum á sértækari snyrtilínur. Einnig getur tæknin aukið nýtingu og afköst með því að senda flök sem ekki þurfa snyrtingu beint í vatnsskurðarvél.

Útgerðarfélag Reykjavíkur keypti tvö tæki með ofurrófsmyndatækni í fiskiskip sín í september 2022 og geta þau tegundagreint heilan fisk og flokkað eftir göllum, blæðingu o.s.frv. Tæknin hefur nýst til að flokka frá horlúðu á grálúðuveiðum með ágætum árangri. Heildstæð myndgreining á aflasamsetningu í fiskiskipum skapar einnig áhugaverð tækifæri fyrir hafrannsóknir, með mun nákvæmari gögnum en fyrr.

Í málstofunni verður greint frá virkni tækninnar í rannsóknum, reynslu notenda í fiskvinnslu og útgerð og loks hagnýtingu til frekari rannsókna og þekkingar á villtum stofnum. Skoðaðar verða mögulegar úrbætur og frekari möguleikar til hagnýtingar og framþróunar tækninnar.

Sjálfbærni skiptir öllu máli



Minnkaðu kolefnissporið og notaðu endurnýtanlegar
og fullkomlega endurvinnanlegar umbúðir frá Sæplasti og iTUB
í þinni matvælaframleiðslu



www.saeplast.com



Reuse – Repair – Recycle

www.itub-rental.com

Sveinn Kjarval

Internal Event Manager, Global Markets at Marel –
Umsjónarmaður

Sæmundur Elíasson

verkefnisstjóri, Matís – Málstofustjóri

13.30 Notkun ofurrófsmyndavélatækni í rannsóknum og sjávarútvegi

María Guðjónsdóttir, prófessor í matvælafræði
við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands
og sérfræðingur á Matís

13.50 Hyperspectral myndgreining um borð í fiskiskipum ÚR

Þorlákur Ó. Guðjónsson, þróunarstjóri,
Útgerðarfélag Reykjavíkur

14.10 Hagnýting gagnasafna myndgreiningar til rannsókna og stofnstærðarmats

Harpa Þrastardóttir, sviðstjóri gagna og miðlunar,
Hafrannsóknastofnun

14:30 Umræður

Markaðsetning á ímynd sjávarafurða – Heilsa og umhverfismál

Silfurberg B | Föstudagur | 13.30–15.15

Ímynd er einn lykilþátta markaðssetningar og á það við um
sjávarafurðir sem og annað. Mikilvægi góðrar ímyndar sjávarafurða
hefur aukist undanfarið í hinum síbreytilega heimi þar sem
upplýsingar um heilsu, umhverfisáhrif og fleira eru aðgengileg
hverjum sem er, á augabragði. Það hvernig fólk skynjar og upplifir
vöru eða þjónustu, hefur úrslitaáhrif á kaupvilja þess. Ímyndarmál
sjávarafurða eru margslungin og margt sem hefur áhrif á þau.

Í málstofunni er fjallað um hvaða tækifæri liggja í því að nýta
hollustueiginleika sjávarfangs til markaðssetningar? Farið er yfir
þróun á fæðubótarefnum og fleiri vörum sem m.a. eru unnar úr
aukaafurðum en slík vinnslu getur aukið mjög vinnsluvirði hráefnis.
Einnig er fjallað um ímynd íslenskra sjávarafurða, hvernig hún birtist
og hvað hefur áhrif á hana. Horft er bæði til sjávarútvegs og fiskeldis,
sérstaklega með tilliti til umhverfismála og samfélagsábyrgðar sem
hafa vaxandi vægi í ímyndarmálum.

Bjarni R. Heimisson

framkvæmdastjóri Reiknistofu fiskmarkaða – Umsjónarmaður

Guðmundur H. Pálsson

framkvæmdastjóri Pipar\TBWA – Málstofustjóri

13:30 Þróun, áhrif og ímynd fiskneyslu

Kolbrún Sveinsdóttir, verkefnistjóri Matís

13:45 Fæðubótarefni úr sjávarfangi

Alex Freyr Hilmarsson,
framleiðslustjóri lífefnavinnslu Löngu

14:00 Tækifæri í heilsutengdri markaðssetningu sjávarfangs

Heiða Kristín Helgadóttir,
framkvæmdarstjóri Sjávarklasans

14:15 Skiptir kolefnisspor máli þegar kemur að markaðssetningu sjávarafurða?

Sveinn Margeirsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunar
og loftlagsmála hjá Brim

14:30 Hvernig er hægt að skapa íslenskum eldistaxi sérstöðu á mörkuðum?


Jóhannes Gíslason, sölustjóri hjá GeoSalmo

14:45 Umræður

Þau fiska sem þróa

Aukið virði sjávarafurða í krafti
rannsókna og nýsköpunar





60 sprotafyrirtæki með rætur í HR

Þetta er „Sprotasól“ Háskólans í Reykjavík. Hún sýnir sprotafyrirtæki með bein tengsl við HR. Líðlega 60 nýsköpunarfyrirtæki hafa verið stofnuð af nemendum og starfsfólki HR frá stofnun skólans árið 1998. Flestir þessara sprota spretta upp úr lokaverkefnum og/eða rannsóknum. Þeim er hér raðað í tímaröð í grafík, sem við köllum Sprotasólinu í takti við samnefnda miðju aðalbyggingar HR.

Orkuskipti og innviðauppbýgging

Kaldalón | Föstudagur | 13.30–15.15

Samdráttur í losun frá íslenskum sjávarútvegi skiptir miklu máli til að styðja við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, enda er losun frá fiskiskipum um fimmtungur af þeirri losun sem flokkast undir beina ábyrgð Íslands.

Mikill og góður árangur hefur náðst en frá árinu 2005 hefur þegar orðið ríflega 40% samdráttur í olíunotkun innan greinarinnar. En betur má ef duga skal. Orkuskipti krefjast gríðarháa fjárfestinga bæði til nýsköpunar og þróunar, ásamt nauðsynlegri uppbyggingu innviða. Vegferðin er ekki einföld en margar breytur hafa áhrif á niðurstöðuna þar sem verkefni tengd orkuskiptum krefjast góðrar samvinnu sjávarútvegs og annarra hagaðila við stjórnvöld og sveitarfélög ef viðunandi árangur á að nást.

En hver er staðan í dag? Hvernig hafa málin þróast undanfarin ár? Hvar liggja tækifærin? Og hvað þarf að gerast svo hægt sé að stuðla að samdrætti í losun innan sjávarútvegsins svo við uppfyllum þessi mikilvægu sameiginlegu loftslagsmarkmið Íslands?

Stefanía Inga Sigurðardóttir

gæða- og öryggisstjóri, Fisk Seafood – Umsjónarmaður

Áslaug Eir Hólmeirsdóttir

skrifstofustjóri, Matvælaráðuneytið – Málstofustjóri

13:30 Orkan í sjávarútvegi

Hildur Hauksdóttir, sérfræðingur í umhverfismálum, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

13:45 Áskoranir við orkuskiptin

Þorsteinn Másson, framkvæmdarsjóri, Blámi

14:00 Orkuskipti í sjávarútvegi og hlutverk hafna

Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri, Faxaflóahafnir

14:15 Olíunotkun og orkuskipti í sjávarútvegi – Staða, stefna og tækifæri

Sigurður Ingi Friðleifsson, sviðstjóri loftslagsmála, orkuskipta og nýsköpunar, Orkustofnun


14:30 Orkuskipti í sjávarútvegi – stýra, nýta, þróa

Guðmundur Herbert Bjarnason, tæknistjóri skipa, Brim

14:45 Umræður


Aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar

Silvurberg B | Föstudagur | 15.15



≡ HÉÐINN ≡

Héðinn er leiðandi fyrirtæki í málmiðnaði og véltækni með yfir 100 ára reynslu af þjónustu við sjávarútveg, stóriðju og orkuiðnað, bæði hérlandis og erlendis.



Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM

Hvatningarverðlaunin eru veitt ungum fyrirtækjum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum fyrir nýbreytni og þróunarverkefni sem þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag sem talið er að muni treysta stoðir íslensks sjávarútvegs. Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals, verðlaunagripsins Sviföldunnar og aðgöngumiða á ráðstefnuna.

Markmiðið með veitingu Hvatningarverðlauna

Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM er að hvetja ung fyrirtæki og frumkvöðla til dáða, stuðla að nýbreytni og vekja athygli almennings á gildi nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi. Líkt og undanfarin ár bærast fjöldi góðra tilnefninga og hefur dómnefndin valið úr þeim þrjú fyrirtæki sem þykir hafa skarað fram úr.



LearnCove

LearnCove er nýsköpunar- og hugbúnaðarfyrirtæki sem hefur síðan 2016 unnið að þróun hugbúnaðar sem gerir íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum kleift að halda utan um fræðslu, gæðaferli og úttektir í einum hugbúnaði. Sérstaða fyrirtækisins felst í því að hjálpa viðskiptavinum að búa til fræðslunet byggt á þeirra sérþekkingu eða vörum. Með bættri fræðslu og skýrara utanumhaldi um gæðamál geta sjávarútvegsfyrirtæki fækkað stýsum og skemmdum á búnaði. LearnCove leggur sitt af mörkum til sjálfbærni með fækkun hráefnistjóna og allt fræðsluferli er rafrænt. Hugbúnaðurinn er með sjálfvirkar tungumálastuðning á 136 tungumálum. Fyrirtækið er nú að taka sín fyrstu skref inn á erlendan markað. LearnCove er dæmi um íslenskt hugvit í sjávarútvegi sem getur gagnast á öllum stigum virðiskeðjunnar í því skyni að bæta nýtingu sjávarafurða, auka sjálfbærni og styrkja framleiðni.

Vefsíða LearnCove



Auknar sjálfbærnikröfur til fyrirtækja í sjávarútvegi

Núverandi kröfur til upplýsingagjafar um sjálfbærni munu breytast á næsta ári og öll stór fyrirtæki þurfa að vera tilbúin fyrir það, samkvæmt nýrri löggjöf ESB sem ætlað að leiða hagkerfi Evrópu í verða kolefnishlutlaust.

Kröfurnar eru ítarlegar sem til að byrja með taka til stórra fyrirtækja auk skráðra félaga en munu svo ná til fleiri fyrirtækja. Krafa er gerð til fyrirtækja um að lágmarka neikvæð áhrif sín, mæla árangur og upplýsa á skýran hátt um stöðu sína.

Í þessari áskorun felast mörg tækifæri fyrir sjávarútveginn.

PwC veitir fjölbreytta ráðgjöf og úttektir:

- Aðlögun að nýjum reglum með skilvirkni að leiðarljósi.
- Ráðgjöf vegna flokkunarkerfis ESB (e. EU Taxonomy).
- Greining á mikilvægum sjálfbærnipáttum fyrirtækis.
- Taka saman sjálfbærnisráðslur.
- Úttektir og áritanir á sjálfbærnisráðslu fyrirtækja.



Aron Friðrik
Georgsson



Hulda
Steingrimsdóttir

Frekari upplýsingar
um þjónustu á [pwc.is](https://www.pwc.is)



Er þitt fyrirtæki tryggt gegn netárásum?

Netöryggistrygging TM



Nú getur þú tryggt þitt fyrirtæki gegn netárásum. Með netöryggistryggingu TM er fyrirtækið verndað gegn fjárhagslegu tapi í kjölfar netárásar, auðkennisþjófnaðar eða gagnaleka.

TM



Ankeri

Ankeri Solutions hefur verið að þróa hugbúnaðarlausn fyrir fyrirtæki sem eiga og reka flutningaskip. Hugbúnaðarlausnin Ankeri hjálpar rekstraraðilum flutningaskipa að nota gögn til að finna það skip sem hentar best fyrir þeirra flutninga, með því að samþætta gögn sem lýsa skipum, höfnum og flutningaleiðum með rekstrargögnum skipa. Með þessu móti geta rekstraraðilar lágmarkað heildar kostnað sinn við flutninga og á sama tíma dregið úr kolefnisfótspori fyrirtækisins. Meðal viðskiptavina Ankeris er Hapag-Lloyd í Þýskalandi sem er fimmta stærsta gámaflutningafyrirtæki í heimi. Ankeri hlaut verðlaunin „Maritime Start-up Award 2022“ á SMM skipatæknisýningunni í Hamborg í fyrra, ásamt því að vera tilnefnt til „Start-up of the Year“ á „Maritime Decarbonisation Awards“ nú í september.

Vefsíða Ankeri



Aurora Abalone

Aurora Abalone (áður Sæbýli) í Grindavík byggir á gömlum grunni og langri reynslu stofnenda þess í sæeyrnaeldi. Fyrirtækið hefur með seiglu byggt upp nýstárlega tækni og lausnir sem nýta auðlindir úr nærumhverfinu til þess rækta upp verðmæta, fágæta vöru. Aðgangur að jarðvarma, þörungum, hreinum sjó og hreinu vatni gerir staðsetningu þeirra ákjósanlega fyrir framleiðsluna. Fyrirtækið er nú á fyrstu metrunum í uppskölun á ræktuninni þar sem aðferðum sem hafa verið lengi í þróun verður beitt í magnframleiðslu á sæeyrum af gerðinni Ezo og California Red. Þessar tegundir eru eftirsóttar af matgæðingum. Tæknin sem hefur verið þróuð líkist í raun að mörgu leiti lóðréttum gróðurhúsum.

Fyrirtækið er gott dæmi um hvar þrautseigja og hugsjón getur orðið til þess að byggja upp störf og ábatasöm fyrirtæki með nýsköpun.

Vefsíða Aurora Abalone

SJÁVARAFL

Tímarit um sjávarútveg

Sjávarútvegsráðstefnan – Kristinn Hjálmarsson

BAADER á Íslandi – Karl Ásgeirsson

Reiknistofa fiskmarkaða – Bjarni R. Heimisson

Vísir hf – Margrét K. Pétursdóttir

Landsmennt – Kristín Njálsdóttir

Thorverk – María Maack

Vinnslustöðin – Lilja Björg Arngrímsdóttir

iTUB – Bragi Smith

Íslandsstofa – Björgvin Pór Björgvinsson

FROST – Guðmundur H. Hannesson og Sigurður J. Bergsson

TM tryggingar – Methúsalem Hilmarsson

Konur í sjávarútvegi (KIS) – Margrét K. Pétursdóttir

Matís – Jónas R. Viðarsson



SJÁVARAFL



Styrktaraðilar

				
 HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVÍK UNIVERSITY				
				
				
				
				
				
				
				